

og framkvæmd þeirra mála er stjórn eða framkvæmdastjórn felur honum. Framkvæmdastjóri situr fundi bæði stjórnar og framkvæmdastjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru námskeiðsgjöld og fjárveitingar eftir því sem ákveðið kann að vera í fjárlögum hverju sinni. Miða skal við að þátttökugjöld í námskeiðum standi undir kostnaði við þau.

10. gr.

Símenntunarstofnun skal hafa sjálfstæðan fjárhag og skal reikningshald stofnunarinnar vera aðgreint í almennu reikningshaldi Kennaraháskólans. Reikna skal stofnuninni til gjalda afnot af húsnæði Kennaraháskólans og hlutdeild í almennum rekstrarkostnaði skólans, svo sem síma-, tölvu- og póstkostnaði. Leggja skal árlega fyrir háskólaráð skýrslu um starfsemi stofnunarinnar og starfsáætlun.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóla Íslands, 15. desember 1999.

Þórir Ólafsson.

Ólafur Proppé.

REGLUR

um skipan deilda og skora við Kennaraháskóla Íslands.

I. KAFLI

Háskólaráð.

1. gr.

Samkvæmt lögum um háskóla nr. 136/1997 og lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997 er yfirstjórn háskóla falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforseta ef skólanum er skipt í deildir.

2. gr.

Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu.

3. gr.

Fyrir lok maí ár hvert boðar háskólaráð til opins ársfundar um málefni Kennaraháskóla Íslands þar sem fjárhagur og meginatriði starfsáætlunar skólans eru kynnt.

4. gr.

Háskólaráð setur reglur um skipan deildarráða og val á deildarforsetum. Háskólaráð setur reglur um deildarfundi, hverjir hafi rétt til setu á deildarfundum og hvert skuli vera verksvið þeirra, vald og ábyrgð. Háskólaráð setur deildarráðum starfsreglur. Háskólaráð setur jafnframt reglur um skipan annarra stjórnunareininga. Rektor setur deildarforsetum, skorarstjórum og öðrum stjórnendum erindisbréf með starfslýsingum að fengnu samþykki háskólaráðs.

5. gr.

Deildarfundir og deildarráð ásamt skorarfundum og skorarstjórnnum stjórna, í umboði háskólaráðs og rektors, málefnum deilda og skora. Deildarforsetar og skorarstjórar fara með framkvæmdavald í málefnum deilda og skora.

6. gr.

Í Kennaraháskóla Íslands eru tvær deildir, grunndeild og framhaldsdeild.

7. gr.

Fyrir deildir, skorir og skilgreindar námsbrautir skal setja námskrár sem kveða á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhöggun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum eintakra deilda skal enn fremur kveðið á um missera- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

8. gr.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrá en deildarráð og skorarstjórnir bera ábyrgð á gerð þeirra.

9. gr.

Háskólaráð kynnir sér sérstaklega málefni einstakra deilda og skora eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

II. KAFLI Grunndeild.

10. gr.

Stjórn grunndeildar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta. Grunndeild skiptist í fimm skorir (framhaldsskólaskor, grunnskólaskor, íþróttaskor, leikskólaskor og þroskaþjálfaskor) og fara skorarfundir, skorarstjórnir og skorarstjórar með stjórn í hverri skor. Kjörtímabil deildarráðs og skorarstjórna og skipunartími deildarforseta og skorarstjóra er tvö ár og fylgir skipunartíma háskólaráðs.

11. gr.

Deildarráð grunndeildar er þannig skipað:

1. Deildarforseti skipaður af háskólaráði að fenginni tillögu rektors.
2. Skorarstjórar sem skipaðir eru af háskólaráði að fenginni tillögu rektors.
3. Þrír fulltrúar kennara kjörnir á deildarfundum samkvæmt reglum um fulltrúa kennara í deildarráð.
4. Tveir fulltrúar nemenda kjörnir samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
Háskólaráð skipar varadeildarforseta úr hópi skorarstjóra að fenginni tillögu rektors.

12. gr.

Deildarfundur sitja allir kennarar sem ráðnir eru við Kennaraháskóla Íslands í hálfu starfi eða meira og kenna í grunndeild, deildarráðsfulltrúar grunndeildar (þ.m.t. fulltrúar nemenda), deildarforseti framhaldsdeildar og skorarstjórar. Hlutverk deildarfundar er að fjalla um málefni deildarinnar og staðfesta tillögur deildarráðs um náms- og kennsluskrá. Deildarfundur skal halda að lágmarki einu sinni á misseri (vor og haust). Halda skal deildarfundur óski meirihluti þeirra sem þar eiga rétt til setu eftir því.

13. gr.

Deildarráð annast samhæfingu á námi einstakra skora og hlutast til um umbætur sem varða deildina í heild. Deildarráð metur þörf fyrir nám í grunndeild, vinnur að stefnumörkun og námskrágerð fyrir deildina og leggur meginlínur um kennsluskrá, mótar stefnu um sameiginleg námskeið fyrir alla nemendur í grunndeild eða hluta þeirra, vinnur að sameiginlegri kynningu á námi í grunndeild, mótar reglur um inntöku nema, skráningu og eftirlit með framvindu náms, skilgreinir námskröfur, setur meginreglur um námsmat og mat á öðru námi, mótar tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til, fylgist með gæðum náms og kennslu í deildinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist, hefur samvinnu við aðrar deildir, yfirstjórn skólans, stofnanir hans og aðrar menntastofnanir, innlendar og erlendar, vinnur að faglegu samstarfi milli skora, fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í deildinni eða er vísað til deildarráðs.

14. gr.

Deildarforseti grunndeildar fer með framkvæmdarvald í málefnum deildarinnar. Hann undirbýr deildarfundi og stýrir þeim, stýrir fundum deildarráðs og hefur forgöngu um að samþykktir fundanna nái fram að ganga. Hann vinnur með skorarstjórum að málefnum einstakra skora.

15. gr.

Skorarfund sitja allir kennarar sem ráðnir eru við Kennaraháskóla Íslands í hálfu starf eða meira og kenna í viðkomandi skor, umsjónarmenn námsbrauta, verkefnisstjórar og fulltrúar í skorarstjórn (þ.m.t. fulltrúar nemenda). Hlutverk skorarfundar er að fjalla um mál efni skorarinnar og staðfesta tillögur skorarstjórnar um náms- og kennsluskrá. Skorarfundi skal halda að lágmarki einu sinni á misseri (vor og haust). Halda skal skorarfund óski meirihluti þeirra sem þar eiga rétt til setu eftir því.

16. gr.

Skorarstjórn er þannig skipuð:

1. Skorarstjóri skipaður af háskólaráði að fenginni tillögu rektors.
2. Fjórir fulltrúar kennara í skorarstjórn grunnskólaskorar og tveir í skorarstjórnir annarra skora kosnir á skorarfundi í hverri skor samkvæmt reglum um kjör fulltrúa kennara í deildarráð.
3. Tveir fulltrúar nemenda kjörnir samkvæmt reglum nemendafélags skólans.

17. gr.

Skorarstjórn fylgir eftir og útfærir stefnu deildarinnar um tilhögun og framkvæmd námsins í hverri skor fyrir sig. Skorarstjórn metur þörf fyrir nám í skorinni og markar því stefnu innan þess ramma sem markaður hefur verið af deildarráði, vinnur að gerð náms- og kennsluskrár fyrir skorina, velur umsjónarmenn námskeiða, kynnis það nám sem í boði er í skorinni, ber ábyrgð á inntöku nema og hefur eftirlit með framvindu náms, sér um framkvæmd námsmats og mat á öðru námi í skorinni, mótar tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til, fylgist með gæðum náms og kennslu í skorinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist, stuðlar að faglegu samstarfi innan skorar, hefur samvinnu við aðrar skorir, stjórnendur skólans, stofnanir hans og aðrar menntastofnanir, innlendar og erlendar, fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í skorinni.

18. gr.

Skorarstjóri hefur umsjón með námi og kennslu í skorinni og framfylgir ákvörðunum skorarstjórnar og deildarráðs þar að lútandi. Hann sér um að kennsla sé í samræmi við ákvæði gildandi kennsluskrár, samræmdar reglur skólans og fjárveitingar.

III. KAFLI Framhaldsdeild.

19. gr.

Stjórn framhaldsdeildar er í höndum deildarfundar, deildarráðs og deildarforseta. Heimilt er að skipa námi framhaldsdeildar á svið eða námsbrautir og fela tilteknum kennara að hafa umsjón með hverri braut. Kjörtímabil deildarráðs og skipunartími deildarforseta er tvö ár og fylgir skipunartíma háskólaráðs.

20. gr.

Deildarfund sitja allir kennarar sem ráðnir eru við Kennaraháskóla Íslands í hálfu starfi eða meira og kenna í framhaldsdeild, deildarráðsfulltrúar framhaldsdeildar (þ.m.t. fulltrúar nemenda), umsjónarmenn námsbrauta, deildarforseti grunndeildar og allir skorarstjórar skólans. Hlutverk deildarfundar er að fjalla um málefni deildarinnar og staðfesta tillögur deildarráðs um náms- og kennsluskrá. Deildarfundur skal halda að lágmarki einu sinni á misseri (vor og haust). Halda skal deildarfund óski meirihluti þeirra sem þar eiga rétt til setu eftir því.

21. gr.

Deildarráð er þannig skipað:

1. Tveir fulltrúar skipaðir af háskólaráði að fenginni tillögu rektors og er annar þeirra deildarforseti en hinn varadeildarforseti.
2. Þrír fulltrúar kennara kosnir á deildarfundum samkvæmt reglum um kjör fulltrúa kennara í deildarráð.
3. Tveir fulltrúar nemenda kjörnir samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Umsjónarmenn námsbrauta eiga rétt til setu á deildarráðsfundum með málfrelsi og tillögurétt.

22. gr.

Deildarráð markar og fylgir eftir stefnu framhaldsdeildar um tilhögun og framkvæmd framhaldsnáms. Deildarráð metur þörf fyrir framhaldsnám og markar því stefnu, vinnur að undirbúningi námsbrauta og námskeiða, mótar náms- og kennsluskrá, kynnir það nám sem í boði er, mótar reglur um inntöku nema, skráningu og eftirlit með framvindu náms, skilgreinir námskröfur, setur meginreglur um námsmat og mat á öðru námi, ákvarðar skipan náms á misseri, staðfestir ráðningu umsjónarmanna námsbrauta og námskeiða, mótar tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til, fylgist með gæðum náms og kennslu í deildinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist, hefur samvinnu við aðrar deildir, yfirstjórn skólans, stofnanir hans og aðrar menntastofnanir, innlendar og erlendar og fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í deildinni.

23. gr.

Deildarforseti framhaldsdeildar fer með framkvæmdarvald í málefnum deildarinnar. Hann undirbýr og stýrir deildarfundum og fundum deildarráðs og hefur forgöngu um að samþykktir fundanna nái fram að ganga. Hann sér um að kennsla sé í samræmi við ákvæði gildandi kennsluskrár, og samræmdar reglur skólans og fjárveitingar.

IV. KAFLI

Fagsvið.

24. gr.

Rektor skipar kennurum við Kennaraháskóla Íslands á fagsvið eftir sérhæfingu hvers og eins í samráði við deildarforseta.

25. gr.

Hlutverk fagsviða er að:

1. Vera vettvangur skoðanaskipta, samstarfs og stefnumótunar á viðkomandi sviði.
2. Efla rannsóknir á sviðinu, m.a. með því að stuðla að samstarfi kennara um rannsóknar- og þróunarverkefni.
3. Móta tillögur um umbætur á kennslu á sviðinu.
4. Veita ráðgjöf um aðstöðu til kennslu á sviðinu.
5. Vera ráðgefandi um þróun náms- og kennsluskrár.
6. Leggja fram hugmyndir um verkefni á sviði símenntunar.
7. Vera ráðgefandi um þörf fyrir kennslu á sviðinu.
8. Fjalla um mál sem beint er til sviða.

26. gr.

Fagsvið koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á hverju misseri. Hvert svið skipar fagsviðsstjóra og ritara til eins árs í senn.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Kennaraháskóla Íslands, 15. desember 1999.

Þórir Ólafsson.

Ólafur Proppé.

REGLUR**um starfsskyldur kennara við Kennaraháskóla Íslands.**

1. gr.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru skv. lögum um skólann nr. 137/1997 prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

2. gr.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa eftirfarandi starfsskyldur: Kennsla 48%, stjórnun 12% og nýsköpun þekkingar 40%.

3. gr.

Aðjúnktar geta verið í 25% til 100% starfi við Kennaraháskóla Íslands og sinna þeir kennslu og öðrum störfum sem tiltekin eru í ráðningarsamningi.